

Alur Grundartanga ehf.  
Klafastaðavegi 4  
301 Akranes

Reykjavík, 7. nóvember 2019  
UST201910-171/S.A.J.  
08.07.01

**Efni:** Niðurfelling starfsleyfis – Alur Grundartanga

Vísað er til erindis til Umhverfisstofnunar frá 15. október sl. þar sem óskað var eftir að starfsleyfi Als Grundartanga ehf., kt. 590398-2099, til vinnslu álgjalls í Helguvík, Reykjanesbæ verði fellt niður.


Þann 14. desember 2017 fór fram eftirlit á svæðinu. Fram kom í eftirlitinu að frágangi svæðisins væri lokið og væri hann fullnægjandi. Kom þá fram að framkvæma ætti vöktunarmælingar í sjó í tvö ár eftir að hætt væri rekstri skolgryfja, en það var gert í janúar 2017. Hafa fullnægjandi vöktunarmælingar farið fram og hefur ekki orðið var við aukna mengun.

Stofnunin hefur því ákveðið að fella niður starfsleyfi Als Grundartanga ehf. og mun auglýsa niðurfellinguna opinberlega á vefsíðu sinni.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
settur forstjóri



Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur